

## AUGLÝSING

um

83  
24. sept.

staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á heilbrigðissamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10 nóvember 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hérmeð staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað, sem bæjarstjórnin hefir samþykkt.

## HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

fyrir

Siglufjarðarkaupstað.

## I. ALMENN ÁKVÆÐI.

## 1. gr.

Samþykktin gildir fyrir allan Siglufjörð.

## 2. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa, bæjarfógeti, héraðslæknir og einn maður, er bæjarstjórnin kýs til 3ja ára. Bæjarfógeti er formaður nefndarinnar. Nefndin kýs ritara og skiftir með sér störfum.

## 3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, er honum þykir þurfa, eða hinir nefndarmenn óska þess. Formaður ákveður fundartíma og fundarstað, og sér um, að fyrirskipunum nefndarinnar verði hlýtt. Ritari ritar gjörðabók nefndarinnar og hefir á hendi bréfaskriftir nefndarinnar.

## 4. gr.

Heilbrigðisnefndin öll skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþykktin sé haldin og henni hlýtt í öllum greinum.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka allt það, er um ræður í þessari samþykkt eða þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannaferi eða einstakra manna eign. Einu sinni á ári skal nefndin skoða allar eignir á því svæði, er sam-

83 þykktin nær yfir, og er henni heimilt að skifta þessu starfi milli 24. sept. nefndarmanna.

Heilbrigðisnefndin skal færa í eina bók allt það, er hún finnur aðfinnsluvert samkvæmt þessari samþykkt, og hún skal skriflega skipa þeim, er í hlut eiga, fyrir um, hvað þeir eigi að gera til umbóta.

#### 5. gr.

Ef heilbrigðisnefndin telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sér útgjöld úr bæjarsjóði, þá skal hún leggja mál það fyrir bæjarstjórn og fara fram á að féð verði veitt. Þó getur nefndin látið gera bráðnauðsynlegar þrifnaðarbætur án fengins samþykkis bæjarstjórnar, ef brýn nauðsyn ber til að þær séu gerðar tafarlaust, svo sem þá er hættuleg farsótt kemur upp í bænum. Skal þá svo fljótt sem verða má leggja slík útgjöld undir samþykki bæjarstjórnar.

#### 6. gr.

Nú býr eigandi ekki í húsi sínu, og skal hann þá fela einhverjum fullveðja manni, er í húsinu býr, að vera húsráðandi; skal húsráðandi gegna öllum skyldum eftir samþykkt þessari með tilliti til húseignarinnar, sem annars hvíla á húseiganda.

Eigandi skal tilkynna heilbrigðisnefnd, hver sé húsráðandi. Ef þessum ákvæðum er ekki hlýtt hvíla allar skyldur útaf fasteigninni samkv. ofangreindu boði á eiganda og leigjanda einum fyrir alla og öllum fyrir einn.

## II. UM ÍBÚÐARHÚS.

#### 7. gr.

Öll þau hús sem leigð eru til íbúðar, þar með taldar sjóbúðir, og skipsskrokkar, sem notaðir eru sem sjóbúðir, skulu vera svo gerð, að unnt sé að halda þeim hreinum; gluggar skulu á hjörum vera, að minnsta kosti einn í hverju herbergi og trégólf eða steingólf í öllum íverustofum.

Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda, að ræstað sé herbergi í íbúðarhúsi, ef herbergið er svo óhreint, að nefndin álitur húsbúum hættu búna.

#### 8. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gert eða hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefndin álitur hættulegt fyrir heilsu manna að búa í því, þá

skal nefndin banna íbúðina. Nefndin skal þá tilkynna húseiganda eða umboðsmanni hans bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal þá fara<sup>24. sept.</sup> 83 úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, ef húsið er ekki bætt á þeim tíma, svo að nefndinni líki, þó er húseiganda heimilt á 8 daga fresti að skjóta skipun nefndarinnar undir úrskurð bæjarstjórnar, er leita skal álits héraðslæknis og því næst leggja úrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

#### 9. gr.

Bannað er að taka kjallara til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndar.

Nefndin skal banna íbúð í gömlum kjöllurum, ef þeir eru mjög rakir, dimmir og þröngir.

Undir íbúðarhúsum, sem reist eru hér eftir, má ekki hafa kjallara svo gerða, að vatn standi í þeim nokkurn tíma.

### III. UM FRÁRÆSLU.

#### 10. gr.

Eldhússkólp, þvottaskólp og önnur óhreinindi má ekki láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum að hætta sé á því, að jarðvegurinn undir húsunum saurgist, sízt þar sem kjallarar eru undir húsum; öllu því skólpi, sem ekki er borið í sjó, skal veita burt frá húsunum í opnum eða lokuðum ræsum, svo langt, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa. Öll skólpræsi skulu vera svo víð og hallajöfn, að hvergi flói út úr þeim og hvergi komi pollar eða vilpur; skal hreinsa þau svo oft, að ekki leggi ódaun úr þeim.

#### 11. gr.

Ef ræsi er gert fram með alfaravegi á opinberan kostnað, skulu þeir, er hús eiga fram með veginum, skyldir að gera skólpræsi hver frá sínu húsi út í göturæsi, á þann hátt, er heilbrigðisnefndin telur hentugast. Þar sem bæjarstjórn hefir lagt holræsi í götur gilda auk þess ákvæði reglugjörðar 64/1927 um gjöld til gangstétta og holræsa í Siglufjarðarkaupstað.

### IV. UM MJÓLKURSÖLU.

#### 12. gr.

Öll mjólkursala skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar, og getur

- 83 nefndin bannað mjólkursölu á eða frá heimili ef næmur sjúkdómur  
24. sept. gengur á heimilinu eða ástæða er til að ætla, að kýrnar séu veikar.

Berklaveikir menn mega hvorki hirða kýr mjólka eða hafa með höndum þá mjólk sem selja skal.

Heilbrigðisnefnd getur bannað mjólkursölu ef óþrifalega er farið með mjólkina eða hreinlæti í fjósum og hirðing kúnna í svo löku standi, að erfitt verði að forðast að mjólkin óhreinist, eða ef svo næmur sjúkdómur gengur á heimilinu, að neytendum getur stafað hætta af.

Mjólk má ekki selja í öðrum sölubúðum, en brauðbúðum eða sérstökum búðum, þar sem eingöngu er verzlað með mjólkurafurðir, enda fullnægi þá búð sú kröfum heilbrigðisnefndar um útbúnað og alla umgengni.

## V. UM SLÁTURHÚS OG KJÖTBÚÐIR.

### 13. gr.

Enginn má slátra skepnum til að selja, nema hann hafi fengið skriflegt leyfi bæjarstjórnar, og skal hún veita slíkt leyfi, ef fullnægt er þeim ákvæðum um tilhögun á sláturhúsum, sem hér fer á eftir. Bæjarmönnum er þó heimilt að slátra fyrir sig heima hjá sér en ávallt skal það gert innanhúss nema heilbrigðisnefnd leyfi annað, og fylgja þer fyrir mælum heilbrigðisnefndar um þrifnað og hreinlæti.

### 14. gr.

Sláturhús má ekki reisa annarsstaðar en þar sem hægt er að koma afrenslu til sjávar eða í neðanjarðar göturæsi (Kloak).

Gólfíð í húsunum skal vera steipt og skal því halla að skólpopum, en frá skólpopum skal liggja ræsi neðan jarðar til sjávar, eða neðanjarðargöturæsi, ef til eru.

Veggir skulu vera kalkaðir, gluggar skulu vera á tveimur hliðum og þá hægt að opna alla. Hólfu skal húsið í tvennt að minnsta kosti. Í einu hólfinu skal drepa skepnuna og gera hana til, í öðru hleypa úr innýflum. Skal vera sérstakt skólpop á gólfi í hverjum klefa. Fast við innýflaklefan skal vera vatnshelt gorílát eða gorgryfja og skal hún gerð vatnsheld úr góðri steinsteypu og má aldrei vera opin svo að mönnum eða skepnum geti stafað hætta af. Hafa skal vatnshana í hverjum klefa í húsinu.

Heilbrigðisnefnd getur fyrst um sinn leyft sláturhús þó eigi fylgi öllum þessum ákvæðum.

## 15. gr.

83

Stíur, réttir eða port, sem sláturfé er geymt í skulu vera<sup>24</sup>. sept. flórlagðar og yfirbyggðar.

## 16. gr.

Ekki má hafa sláturhús nær íbúðarhúsum en nemi 7 metrum, og ekki nær vatnsbóli en nemi 10 metrum. Sama gildir um stíur, réttir eða port, sem sláturfé er geymt í.

## 17. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á því, að sláturhús séu vel þrifuð. Gólf skal skola hreint á hverjum degi, þá er slátrað er, jafn-óðum og þau óhreinast. Gorgryfjurnar skal tæma jafnóðum og þær fyllast. Réttir skal moka daglega þegar skepnur eru geymdar í þeim, og skal allt gor, áburður og úrgangur, strax flutt á þann stað, sem heilbrigðisnefnd ákveður. Hundum má ekki hleypa inn í sláturhús, og ekki skal kasta sullum úr skepnum þar sem hundar geta náð í þá, heldur skal brenna þá. Slátrarar skulu vera hreinlegir til fara og hafa ermar brettar upp fyrir olnboga. Bæjarstjórn getur tekið slátrunarleyfi af hverjum þeim, er vanrækir þessi þrífnaðarfyrirmæli.

## 18. gr.

Það er skylda hvers þess er slátrar nautum, hestum eða svín-um eða kindum að ráðfæra sig við dýralækni, þegar grunur leikur á að einhver sjúkleiki finnist í kjötinu eða innyflum dýranna, sem óttast má að valdi sjúkleika í mönnum ef neytt er.

Enginn má hafa til matar kjöt eða slátur af sjálfdaudum skepnum eða þeim, sem drepnar eru vegna sjúkleika, nema dýra-læknir sé tilkvaddur og dæmi það ósaknæmt.

## 19. gr.

Öllum sölubúðum, þar sem nýtt kjöt er haft á boðstólum skal haga eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar. Í slíkum búðum má eigi hafa aðrar vörur, en kjöt og matvæli, sem kjöt er haft í, reykt og niðursoðið fiskmeti, grænmeti. alls konar niðursoðnar vörur, egg og feitmeti, og skulu þær að minnsta kosti fullnægja þeim skilyrðum, er hér fara á eftir, enda má ekki taka þær til afnota, fyr en fengið er skriflegt leyfi heilbrigðisnefndar.

1. Gólf skal vera steinsteypt eða steinlagt, vatnshelt og í því skólþop og frá opinu skólpræsi.
2. Búðin skal vera 3 metrar undir loft. Loft skal gipsa, veggir skal fódra með gleruðum flögum.

- 83 3. Hafa skal í búðinni vatnshana, birtu sem mesta og loftrás í  
24. sept. góðu lagi.
4. Á borðum sem kjöt er lagt á, skulu vera marmarahillur, flögu-  
steinþynnur, zinkþynnur eða annað jafngott efni.
5. Nikkelhúð eða zinkhúð skal vera á öllum snögum, sem kjöt er  
hengt á.

## 20. gr.

Öll matvælagæði af kjöti (bjúga, kæfa o. s. frv.) skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar, ef selja á matvælin. Að því er húsnæði snertir til matvælagæðar getur heilbrigðisnefnd fyrirskipað þann útbúnað, sem til er tekinn í 8. gr. 1.—5. lið.

## 21. gr.

Þeim mönnum, er slátra til sölu eða selja kjöt eða gjöra matvæli af kjöti til sölu, getur bæjarstjórn veitt undanþágu frá ákvæði 14., 16., 19. og 20. gr.

## 22. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að banna sölu á kjöti, nema skoðað sé og stimplað af manni, sem hefir vottorð dýralæknis um að hann sé fær um að framkvæma skoðunina.

## VI. UM PENINGSHÚS, HAUGA OG SAFNGRYFJUR.

## 23. gr.

Ekkert fjós, fjárhús né safngryfjur má reisa nema með leyfi heilbrigðisnefndar. Eigi má heldur án leyfis heilbrigðisnefndar hafa stórgripi, sauðfé eða geitfé í íbúðum manna eða byggingum áföstum við íbúðarhús.

## 24. gr.

Heilbrigðisnefnd skal segja fyrir um, hvar peningshús, haughús, haugstæði eða forir megri vera og má enginn gjöra þau að nýju nema hann hafi fengið samþykki heilbrigðisnefndarinnar til þess og hlíti fyrir mælum hennar um frágang og tilhögun þeirra; peningshús og haugstæði, sem eru eldri en samþykkt þessi, getur heilbrigðisnefnd heimtað að séu lögð niður, færð úr stað eða breytt, ef heilbrigðisnefndin telur að þeim óþrífnað.

## VII. UM SALERNI.

83  
24. sept.

## 25. gr.

Þá er hús er reist til íbúðar, skal jafnan um leið reisa salerni og skal það ekki vera nær dyrum, gluggum eða vindaugum á húsinu en nemi  $3\frac{1}{2}$  mtr., og ekki nær vatnsbóli en nemi 10 metrum; þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá þessu, ef sérstakar ástæður mæla með því. Gólfíð í salerninu skal vera steinsteypt og hærra en jarðvegurinn í kring.

Hafa skal í salerninu saurkagga vel vatnsheldan, og skal hann ná fast upp að setunni.

Heilbrigðisnefnd getur leyft að hafa salerni innan húss í sérstökum klefa, ef útigluggi í hjörum er á klefanum og að öðru leyti svo um salernið búið, sem heilbrigðisnefnd telur fullnægjandi.

Ef vatnsheld for er gerð hjá húsinu, má hafa salerni yfir forinni, þannig að saurindin fari beina leið í hana.

## 26. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hreinnt, og saurilátin skal tæma áður en þau fyllast; skal heilbrigðisnefndin ákveða hvar láta megi saurinn úr salernunum.

## 27. gr.

Ef engin salerni fylgja þeim húsum, sem eldri eru en þessi samþykkt, eða þau ein, sem illa eru gerð eða mikill óþrifnaður að, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum að þeir geri ný salerni á þann hátt er hún segir fyrir um.

## VIII. UM SORP OG ÖNNUR ÓHREININDI.

## 28. gr.

Hver húseigandi á kaupstaðarlóðinni skal útbúa innan 1. ágúst n. k., sorpkassa með loki. Sorpkassar skulu vera vatnsheldir og skal í þá safna öllu sorpi og ösku, er til fellur frá húsinu. Allt sorp skal svo flutt í sjó norður fyrir Siglufjarðareyri, nema heilbrigðisnefnd kveði öðru vísi á. Húseigandi og leigjandi íbúðar bera ábyrgð á, að sorpinu sé safnað í sorpkassa og flutt af lóð samkvæmt framangreindum reglum. Nú er misbrestur á, að ákvæði þessu sé hlýtt og getur heilbrigðisnefnd þá látið útbúa sorpkassa, látið safna í þá, og flutt sorpið burt á kostnað húseiganda eða leigjanda.

83  
24. sept. Hver lóðareigandi skal láta hreinsa af lóð sinni allt sorp og rusl strax og snjó leysir af lóðinni. Ef út af bregður getur heilbrigðisnefnd látið framkvæma verkið á kostnað lóðareiganda. Hverjum lóðareiganda ber að hreinsa lóð sína nema heilbrigðisnefnd mæli öðru vísi fyrir. Í fjöruna, höfnina, á bryggjur, bryggupalla, almanna-færi eða annarsstaðar má enginn fleygja frá sér slori, hræjum, rusli eða öðru því, er getur valdið óhreinindum eða óhollustu að áliti heilbrigðisnefndar, annarsstaðar en þar sem heilbrigðisnefnd ákveður. Á hverri útgerðarstöð skal leigjandi eða umráðamaður útgerðarstöðvar hafa umsjónarmann, er sér um, að ákvæði þessi verði eigi brotin og bera umráðamaður útgerðarstöðvar og umsjónarmaður báðir fyrir annan og annar fyrir báða ábyrgð á, að ákvæði þessi séu haldin. Ber umráðamanni útgerðarstöðvar að tilkynna heilbrigðisnefnd, hver sé umsjónarmaður á stöðinni áður en útgerð eða veiðar byrja þaðan. Eigi má hengja sjófang á húsveggi eða girðingar við almanna-færi.

## 29. gr.

Það er skylda sjómanna að fleygja öllu slori í sjóinn svo út taki, fyrir utan línu úr Vogaskeri í Selvíkurnef, ef því er ekki safnað í gryfjur á þeim stöðum sem heilbrigðisnefnd leyfir. Útgerðarmenn og skipstjórar bera ábyrgð á því, að þessu sé hlýtt.

## 30. gr.

Ef einhvers konar óhreinindi safnast kring um hús manna, sem fýlu leggur af, eða daunillt renslí fer út á alfaraveg, eða inn á eignir þeirra, sem næstir búa, þá getur heilbrigðisnefnd skipað hlutaðeigandi húsráðanda eða leigjanda að flytja burtu óhreinindin tafarlaust.

## IX. UM IÐNAÐ, SEM ÓPRIFNAÐUR FYLGIR EÐA ÓHOLLUSTA.

## 31. gr.

Í kaupstaðarumdæminu má enginn reka iðnað, sem heilbrigðisnefnd telur óprifnað stafa af, t. d. lýsisbræðslu, sútun, síldarbræðslu, verksmiðjur til að vinna úr ýmsu fiskjar o. fl. þess háttar, nema leyfi heilbrigðisnefndar komi til. Allur slíkur iðnaður skal háður eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum hennar að því er hreinlæti snertir, utan húss og innan.



## 32. gr.

83

Heilbrigðisnefnd ákveður, hversu mikið loftrúm ætla skuli<sup>24. sept.</sup> hverjum vinnandi manni í verksmiðjum og vinnustofum og sjóbúðum í bænum, og skal héraðslæknir sérstaklega gæta þess, að fyllstu heilbrigðisreglum sé gætt í þessum efnunum. Nú telur héraðslæknir, að vinnustofa fullnægi eigi réttum heilbrigðisreglum í þessum efnunum, og getur heilbrigðisnefnd þá ákveðið að loka vinnustofunni með aðstoð lögreglunnar, unz úr er bætt hæfilega, að álitum heilbrigðisnefndar.

Öllum þeim iðnaðarfyrirtækjum, er heilbrigðisnefnd telur sérstaklega óþrifaleg í rekstri, er skylt að hafa slíkt húsnæði og tæki, að verkafólk við fyrirtækið geti baðað sig og haft þar fatageymslu. Skal allur slíkur útbúnaður fullnægja kröfum heilbrigðisnefndar.

## X. UM MATVÆLI.

## 33. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á því, að ekki sé höfð á boðstólum matvara, sem skaðleg er fyrir heilsu manna.

Nefndinni er heimilt að taka í búðum og öðrum sölustöðum, fyrir gangverð, sýnishorn af hverri matvöru þeirri, er hún telur líkur til að skemmd sé og skaðleg fyrir heilsu manna, og rannsaka hana. —

Komi það í ljós við rannsókn læknis eða annara, er vit hafa á, að einhver matvara er skemmd og skaðleg til mannelis, skal lóga vörunni eða gera hana óskaðlega fyrir heilsu manna á einhvern annan hátt, á kostnað þess, sem vöruna hefir á boðstólum.

Heilbrigðisnefnd getur bannað matvælasölu, ef sölustaður virðist óhæfur vegna óþrifnaðar. Svo getur nefndin og bannað matvælasölu um stundarsakir, ef næmur sjúkdómur er fyrir á sölustaðnum og hætt er við, að salan greiði sjúkdóminum götu.

## 34. gr.

Enginn má selja sælgæti, brauð eða aðra matvöru, er við afhendingu er handfjötluð, nema í hreinum umbúðum, er heilbrigðisnefnd telur enga sóthættu stafa af.

## XI. UM BÖKUNARSTOFUR.

## 35. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á öllum brauðgerðarhúsum og brauðsölubúðum, og eru bakarar skyldir að hlýða fyrirmælum hennar, að því er hreinlæti snertir.

**83**  
24. sept. Framvegis má enginn reisa brauðgerðarhús fyrir en hann hefir fengið leyfi heilbrigðisnefndar, og skal leyfið bundið þeim skilyrðum er hér segir:

Brauðgerðarhús skal vera bjart og loftgott. Loft og veggir skulu kalkaðir eða steinlímðir og gólf steinlímð, asfalterað og hellulagt.

### 36. gr.

Öll tóbaksnautn er bönnuð í brauðgerðarhúsum. Enginn má sofa í stofum, er hafðar eru til brauðgerðar.

Brauðgerðarmenn skulu hafa yzt klæða hvítar yfirhafnir, er ávallt séu hreinar; þeir skulu þvo höfuð sitt og hendur, áður en þeir taka til verka, og eigi mega þeir þvo sér í vinnustofunni.

Deig má ekki hnoða með fótum. Þeir menn mega ekki vinna að brauðgerð, sem lungnatæring hafa, eða annan næman sjúkdóm, eða opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum.

Bakarar og afgreiðslufólk í bökunarstofum og brauðsölubúðum skulu við byrjun hvers árs láta heilbrigðisnefnd í té vottorð læknis um heilbrigði sína. Auk þess getur nefndin krafizt slíks vottorðs, er henni sýnist ástæða til.

## XII. UM SAMKOMUHÚS, VEITINGAHÚS, KNATTBORÐSTOFUR OG AÐRA SKEMTISTAÐI, VERZLUNARBÚÐIR, SKÓLA OG KIRKJUR.

### 37. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með samkomuhúsum, knattborðstofum, veitingastöðum og öllum skemtistöðum og verzlunarbúðum innan lögsagnarumdæmisins, skólum og kirkjum, og sjá um, að þau séu ræstuð hvenær sem hún telur þess þörf, og af þeim, sem hún álitur til þess færa. Nefndin getur ákveðið fyrirkomulag loft-ræstinga og gefið reglur um notkun loftrása, útbúnað og annað, er að því lítur. Ef eigendur eða notendur vilja eigi sætta sig við álit heilbrigðisnefndar, geta þeir leitað álits héraðslæknis, sem þá ræður úrslitum.

### 38. gr.

Samkomuhús, veitingahús, knattborðstofur og önnur skemti-hús, skólar og kirkjur, skulu þvegin hátt og lágt, að minnsta kosti einu sinni á ári, og gólf daglega áður en notast eiga, eftir nánari ákvæðum heilbrigðisnefndar.

Verzlunarbúðir skulu og þvegna hátt og lágt að minnsta **83** kosti einu sinni á ári, og gólf þvegin svo oft, sem heilbrigðisnefnd<sup>24. sept.</sup> telur hlýða, þó ekki sjaldnar en tvisvar í viku. Heilbrigðisnefnd getur fyrirskipað hrákailát í samkomuhúsum, sölubúðum, veitingahúsum, knattborðstofum og öðrum slíkum skemtistöðum, skólum og kirkju og sett reglur um gerð þeirra, tilhögun og hirðingu.

#### 39. gr.

Í öllum samkomuhúsum, sölubúðum, knattborðstofum, veitingastofum, skólum og kirkju er bannað að hrækja á gólfið, að viðlögðum sektum. Sömu leiðis eru reykingar bannaðar í samkomuhúsum, nema veitingahúsum.

#### 40. gr.

Heilbrigðisnefnd hefir eftirlit með, að samkomuhús, veitingahús, knattborðstofur og önnur slík skemtihús, skólar og kirkja, séu nægilega upphituð, er þau eru notuð, og er eigendum eða umráðamönnum ofangreindra húsa skylt að hlýða fyrirskipunum nefndarinnar í þeim efnum. Hverju samkomuhúsi skal fylgja fatageymsla, og svo mörg og stór salerni, sem heilbrigðisnefnd telur hlýða, þannig útbúin og hirt, sem nefndin mælir fyrir.

#### 41. gr.

Enginn má vinna við veitingahús, þar með talin kaffihús, fyrir en hann afhendir heilbrigðisnefnd læknisvottorð um, að hann sé eigi haldinn af næmum sjúkdómi.

#### 42. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða öll skólahús og skólastofur, hvort heldur er opinber eign eða einstakra manna, að minnsta kosti tvisvar á ári hverju, í byrjun skólaársins og á því miðju.

Hver sá, er tekur til kennslu 10 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefndinni hvar hann ætlar að kenna.

#### 43. gr.

Hver kennslustofa handa börnum skal vera svo stór, að 100 rúmfet komist á hvert barn, í minnsta lagi. Allir gluggar skulu vera á hjörum. Gólf skal þvo á degi hverjum, en ekki sópa.

#### 44. gr.

Ef heilbrigðisnefnd verður, í einhverjum skóla, vör við börn eða kennara, er hafa einhvern næman sjúkdóm, þá skulu strax gerð-

**83** ar ráðstafanir til þess, að barnið eða kennarinn komi ekki í skólann, 24. sept. þar til sóttnæmishættan er, að dómi læknis, um garð gengin, sérstaklega ef um berklaveiki er að ræða.

Hold sveik börn mega ekki ganga í skóla, og holdsveikir menn mega ekki fást við barnakennslu.

#### 45. gr.

Nú er fyrirskipun heilbrigðisnefndar um ofangreind atriði að einhverju eigi hlýtt, og getur nefndin þá bannað notkun húss, er eigi fullnægir skipun nefndarinnar samkvæmt framangreindum reglum, unz skipun nefndarinnar er hlýtt.

Kostnað þann, er nefndin hefir við að leita til sérfræðinga um þessi efni, skal greiða úr bæjarsjóði.

### XIII. UM NÆMA SJÚKDÓMA.

#### 46. gr.

Heilbrigðisnefnd, í samráði við sóttvarnarnefnd, gengst sérstaklega fyrir því, að lögskipuðum vörnum sé haldið uppi gegn næmum sjúkdómum. Ef upp kemur alvarlegur sjúkdómur á því svæði, er samþykktin nær yfir, eða í grendinni, þá er heilbrigðisnefnd heimillt að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti utanhúss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

### XIV. UM KIRKJUGARÐA.

#### 47. gr.

Þá er gera skal nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan garð, skal leita álits heilbrigðisnefndar, og getur hún heimtað að garðstæðið sé þurkað með lokræsum, ef það er svo raklent, að vatn komi upp í grafirnar nokkru sinni.

Vatnsból má ekki vera nær kirkjugarði á jafnsléttu eða undan brekku en nemi 70 metrum.

Allir kirkjugarðar skulu vera grasi grónir.

Grafa skal svo djúpt, að tveggja álna moldarlag sé ofan á kistu. —

## XV. UM HEILBRIGÐISFULLTRÚA.

83  
24. sept.

## 48. gr.

Lögregluþjónn bæjarins er jafnframt heilbrigðisfulltrúi og hefir daglegt eftirlit með að heilbrigðissamþykktinni sé hlýtt.

## XVI. UM SEKTIR O. FL.

## 49. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykkt eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefndin setur samkvæmt henni, þá varðar það allt að 1000 kr. sekt, er rennur í bæjarsjóð.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

## 50. gr.

Með mál, sem rísa út brotum á samþykkt þessari, skal farið sem almenn lögglumál.

Samþykkt þessi öðlast gildi 15. október 1929, og er þá úr gildi fallin heilbrigðissamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað frá 15. júní 1920 og viðaukar við hana.

Þetta er hérmeð gert heyrinkunnugt.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. september 1929.*

F. h. r.

G. Sveinbjörnsson.

---

*Gissur Bergsteinsson.*